

Fundur í Fagráði loftræsikerfa nr. 3 tímabilið 2012-2013

Fundarefni:	10. kafli nýrrar Byggingarreglugerðar		
Fundardagur:	19.10.2012	Fundartími:	12.00 – 14.00
Fundarstaður:	Mannvit, Grensásvegi	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Sigurgeir Þórarinnsson (SP) og Karl Hákon Karlsson (KHK)		
Dreifing:	Fundarmenn, Kjartan Mar Eiríksson, (KME) Gunnar Björn Guðbjörnsson (GBG), Guðmundur Jónatansson (GJ) og Kristján Ottóson - LAFÍ		

Áfram var fundað um 10. kafla byggingarreglugerðarinnar. Leiðréttingar og athugasemdir voru skrifaðar inn í word-útgáfu af kaflanum sem fagráðið er með. Hér verður einungis tekið á því helsta.

Helstu athugasemdir og umræður:

- Rætt var hvort skynsamlegt væri að hafa kröfu um lágmarks hæð upp í neðri brún loftinntaka en hún er í dag 4,0 m frá jarðyfirborði. Spurningar vakna með náttúrulega loftræstar byggingar með glugga sem loftinntak á 1. hæð. Í norrænu reglugerðunum er þetta yfirleitt orðað með öðrum hætti.
- Áhersla var lögð á að sameina greinar 10.2.5 og 10.2.6 um íbúðarhúsnæði annars vegar og 10.2.7 og 10.2.8 um atvinnuhúsnæði hins vegar.
- Rætt nánar um greinar 10.2.7 og 10.2.8, bæði texta og framsett loftmagnsgildi. Settar voru fram vissar breytingar á texta auk þess sem einstök gildi voru tekin fyrir. Endurskoða þyrfti þær m.t.t. CR 1752 eins og fram kemur í síðustu fundargerð.
- Rætt um að fella út endurtekningar í kaflanum eins og markmið, opnun út úr lyftugöngum o.fl..

Ljóst var að þessari umræðu er ekki lokið og verður haldið áfram með umfjöllun um kaflann á næsta fundi.

Fundarmenn voru spurðir hvort þeir hefðu hugmyndir að fleiri málefnum til að fjalla um á þessu starfsári. Fyrir utan byggingarreglugerðina komu fram tvær tillögur. Áframhaldandi umræða og hugsanlegt framhaldsnámskeið á brunastaðlinum DS 428 m.t.t. praktískra útfærslna. Einnig var lagt til að fjallað yrði um arðbærni mismunandi gerða varmaendurvinnslu.

Stefnt er að næsta fundi sem allra fyrst. Vonast er eftir betri mætingu næst. Boðað verður til hans síðar.